



Stjórn SSH 350. fundur

Mánudaginn 7. júní 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Lúðvík Geirsson, Óskar Bergsson, Ásgerður Halldórsdóttir. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. „Alþjóðleg miðstöð tungumála“

Á fundinn mætti undir þessu lið Auður Hauksdóttir frá stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og kynnti hugmyndir um stofnun og starfrækslu Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála í tengslum við stofnunina. Jafnframt var kallað eftir aðkomu sveitarfélaganna að fjármögnun verkefnisins.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að taka saman frekari upplýsingar um málið til undirbúnings að kynningu þess fyrir aðildarsveitarfélögum.

2. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða.

Fyrir lá samantekt úr vinnu samráðshóps með yfirliti yfir hvar helstu samstarfsletir geta legið á milli sveitarfélaganna við yfirtöku á þjónustu við fatlaða um nk. áramót. Jafnframt var upplýst að ekki væri að öllu leyti komin niðurstaða í þau mál sem ljúka þarf milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að tilfærsla verkefnisins geti gengið eftir um n.k áramót

Umræður.

Niðurstaða:

Áfram verði unnið að undirbúningi að samstarfi sveitarfélaganna á grundvelli þeirra vinnu sem kynnt var á fundinum.

3. Tilnefning fulltrúa til að taka þátt í EES-EFTA sveitarstjórnarvettvangi.

Fyrir lá erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna málsins. jafnframt upplýsti framkvæmdastjóri um samkomulag landshlutasamtaka sveitarfélaga um skiptingu fjögurra sæta sem til ráðstöfunar eru fyrir landshlutasamtökin.



Samþykkt að tilnefna Harald Sverrisson sem fulltrúa SSH.

4. Ný heimasíða SSH

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við gerð nýrrar heimasíðu SSH sem nú er á lokastigi.

5. Önnur mál.

Sumarstörf ungmenna yfir 17 ára aldri

Lúðvík Geirsson vakti máls á þörf fyrir samræmingu á fyrirkomulegi og útfærslu á vinnuframboði sveitarfélaganna fyrir ungmenni yfir 17 ára aldri.

Niðurstaða:

Mosfellsbær tók að sér að kalla forstöðumenn vinnuskólana saman til samræðisfundar vegna málsins.

Í lok fundarins kvaddi Gunnsteinn Sigurðsson sér hljóðs og þakkaði stjórnarmönnum fyrir gott samstarf nú þegar hann lætur af störfum sem stjórnarmaður.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55